

Skólareglur Reykhólaskóla



Skólareglur Reykhólaskóla

Skólareglur Reykhólaskóla eiga að styðja við öruggt og jákvætt skólasamfélag þar sem öllum nemendum líður vel og fá tækifæri til að læra og þroskast. Virðing er ein af lykilstoðum skólastarfsins og þar af leiðandi leiðarljós skólareglanna. Reglurnar eiga að skýra sameiginlegar væntingar til samskipta, hegðunar og ábyrgðar innan grunnskólans og stuðla að trausti, jafnræði og góðum skólabrag. Reglurnar eiga líka við leikskólastarfið en með tilliti til breyttar þarfa þar.

Skólareglurnar byggja á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við gerð þeirra voru lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, jafnframt höfð hliðsjón af.

Reglurnar eru leiðbeinandi og uppeldislegar í eðli sínu. Þær miða að því að styðja nemendur í að taka ábyrgð á hegðun sinni og læra af samskiptum sínum við aðra. Þegar upp koma áskoranir er lögð áhersla á samtal, leiðsögn og viðeigandi stuðning í samræmi við aldur, þroska og aðstæður hvers og eins.

Skólareglur gilda í skólanum og við skólastarf á vegum Reykhólaskóla, með það að markmiði að tryggja öryggi, vellíðan nemenda um leið og opinber viðmið eru uppfyllt. Skólareglurnar eru kynntar skólasamfélaginu og rifjaðar upp á haustin með nemendum. Einnig eru þær aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Almennar skólareglur

1. Samskipti

Samskipti innan Reykhólaskóla byggjast á virðingu, tillitssemi og öryggi. Nemendur og starfsfólk leggja sitt af mörkum til að skapa jákvætt námsumhverfi.

Hegðun sem truflar nám eða veldur öðrum óöryggi er ekki liðin. Komi upp slík atvik upp, er brugðist við með samtali, leiðsögn og þeim viðbrögðum sem aðstæður hverju sinni kalla eftir, í samvinnu skóla, nemenda og heimila.

2. Umgengni

Umgengni í Reykhólaskóla byggist á virðingu fyrir sameiginlegu rými, umhverfi og eigum annarra, bæði innan skólans og á skólalóð. Allir sem taka þátt í skólastarfinu leggja sitt af mörkum til að skapa öruggt og snyrtilegt umhverfi.



Gert er ráð fyrir að farið sé vel með eigur skólans og annarra. Heimildarlaus notkun eða skemmdir á eignum eru ekki liðin og er slíkum atvikum sinnt með viðeigandi viðbrögðum í samræmi við aðstæður hverju sinni.

3. Stundvísi og ástundun náms

Nám í Reykhólaskóla byggist á virkri þátttöku nemenda í skólastarfi. Mæting, þátttaka og ástundun náms styðja við nám hvers og eins og hafa áhrif á skólasamfélagið í heild.

Þegar áskoranir koma upp varðandi stundvísi eða skólasókn er þeim sinnt í samtali og samvinnu, með það að markmiði að styðja nemendur í námi og tryggja jafnan aðgang að skólastarfi. Verkferlar vegna skólasóknar sem eru í skólanámskrá, útskýra þrepaskipt viðbrögð skólans, sé mætingu ábótavant af einhverjum ástæðum.

4. Hollusta og heilbrigðar lífsvenjur

Reykhólaskóli er heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á að styðja við heilbrigðar lífsvenjur nemenda í samvinnu við heimili. Skólinn vinnur markvisst að því að skapa umhverfi sem stuðlar að vellíðan, góðri heilsu og jákvæðum lífsstíl.

Notkun, varsla og meðferð áfengis, ávana- og vímuefna, tóbaks, rafrettna og annarra nikótín afurða er óheimil í skólanum, á skólalóð og í skólastarfi á vegum Reykhólaskóla

5. Hættuleg tæki og tól

Nemendum er óheimilt að koma með vopn eða aðra hluti sem geta valdið skaða eða beita má sem vopnum í skólanum, á skólalóð eða í skólastarfi á vegum Reykhólaskóla. Notkun hættulegra tækja og verkfæra, svo sem elds, hnífa eða annarra beittra eða skaðlegra hluta, er einungis heimil í kennslu undir umsjón og eftirliti kennara.

Ef hættulegir hlutir finnast í fórum nemanda er brugðist við með viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja öryggi. Eftir atvikum er haft samband við forráðamenn og/eða viðeigandi yfirvöld í samræmi við alvarleika málsins og gildandi lög.

6. Skólalóð og frímínútur

Á skólalóð Reykhólaskóla er lögð áhersla á aðgæslu, tillitsemi og öryggi í samskiptum nemenda. Skólinn sinnir gæslu og eftirliti úti á skólalóð með



nemendum í frímínútum, með sérstaka áherslu á öryggi yngri nemenda. Nemendur yfirgefa ekki skólalóð á skólatíma nema með heimild í samræmi við reglur og verklag skólans.

Notkun reiðhjóla, hlaupahjóla, rafhlaupahjóla, hjólabretta, skauta og sambærilegra tækja á skólalóð á skólatíma er háð öryggissjónarmiðum og skipulagi skólastarfs. Slík notkun fer fram í samráði við starfsfólk skólans. Þegar hjól, skíði, skautar eða sambærileg tæki eru notuð í skólastarfi er lögð áhersla á viðeigandi öryggisbúnað, svo sem hjálma þegar við á.

7. Myndatökur og myndbirtingar

Í skólanum er lögð rík áhersla á virðingu fyrir friðhelgi, persónuvernd og velferð nemenda. Myndatökur, myndbandsupptökur og birting myndefnis af nemendum skulu ávallt fara fram með samþykki forráðamanna og í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd. Óháð samþykki forráðamanna skal ávallt leita afstöðu nemenda til myndatöku eða myndbirtingar og vilji þeirra virtur.

Myndefni sem sýnir nemendur á vanvirðandi, meiðandi eða viðkvæman hátt er óheimilt að taka eða birta.

Myndatökur og myndbirtingar í tengslum við skólastarf eru skipulagðar af skólanum og fara fram í samræmi við verklag og reglur skólans sem byggja á persónuverndarstefnu skólans, sveitarfélagsins og lögum um persónuvernd.

8. Notkun síma og annarra snjalltækja

Notkun farsíma og annarra snjalltækja er ekki hluti af daglegu skólastarfi Reykhólaskóla nema í þeim tilvikum þegar hún er skipulögð sem hluti af námi undir stjórn kennara.

Almennt skal vera slökkt á farsímum og öðrum snjalltækjum eða hafa þau í geymslu á skólatíma þannig að þau trufli ekki nám, samskipti eða líðan nemenda.

Notkun snjalltækja í kennslu fer fram á grundvelli faglegra ákvarðana og í samræmi við námsmarkmið skólans.

9. Tölvur og tækjabúnaður

Tölvur, spjaldtölvur og annar tækjabúnaður í eigu Reykhólaskóla eru ætlaðir til náms og skólastarfs í samræmi við markmið skólans. Nemendur bera ábyrgð á eigin



notkun og skulu nýta búnað og aðgang að neti á ábyrgan hátt, þar sem virðing fyrir öðrum í skólanum er ávallt höfð að leiðarljósi.

Nemendum er óheimilt að gera breytingar á vél- eða hugbúnaði tækja í eigu skólans án samþykkis starfsfólks. Notkun stafræns efnis, samskipta eða afþreyingar í gegnum netið er einungis heimil þegar hún er hluti af námi eða fer fram með samþykki og undir eftirliti starfsfólks. Meðferð upplýsinga og gagna fer fram í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd og verklag skólans.

Notkun persónulegra tækja og tenging þeirra við net skólans fer fram í samræmi við verklag og samþykki skólans.

10. Skólaakstur og nemendaferðir

Skólareglur Reykhólaskóla gilda í öllum skólaakstri og í ferðum á vegum skólans. Við slíkar aðstæður er lögð sérstök áhersla á öryggi, tillitsemi og ábyrgð í samskiptum. Í daglegum skólaakstri til og frá skóla getur símanotkun verið heimil, svo lengi sem hún truflar ekki öryggi eða líðan nemenda.

Ef upp koma alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum í tengslum við ferðir á vegum skólans er brugðist við í samræmi við eðli málsins, með áherslu á meðalhóf, öryggi og rétt nemanda til náms. Í slíkum tilvikum er haft samráð við forráðamenn og viðeigandi úrræði metin. Ef nemandi getur af einhverjum ástæðum ekki tekið þátt í skipulagðri ferð sem er hluti af skólastarfi, er tryggt að hann fái viðeigandi nám eða verkefni á meðan.

Viðurlög við brotum á skólareglum

Brot á skólareglum eru tekin alvarlega og brugðist er við þeim í samræmi við eðli máls, með áherslu á stuðning, öryggi og velferð nemenda. Viðbrögð, skráning og eftirfylgni eru útfærð í sérstökum verkferlum skólans í samræmi við lög og reglugerðir sem sjá má hér:

[Verkferli vegna ástundunar og skólasóknar í Reykhólaskóla](#)


Síðast endurskoðað Jan 28, 2026

Aðeins um breytingar

Skólareglur Reykhólaskóla voru endurskoðaðar með það að markmiði að tryggja að þær uppfylli hlutverk sitt sem almennur og skýr rammi um samskipti, öryggi og ábyrgð í skólastarfi, sem er það sem þær eiga að gera. Við yfirferð kom í ljós að í reglunum voru atriði sem voru annaðhvort of óljós (mátti mistúlka), of nákvæm og jafnvel allt of mikið farið í smáatriði eða þau féllu frekar undir verkferla, kennslufræðilegt skipulagt eða stjórnsýslulega meðferð mála. Þau atriði voru því tekin út eða lagt til að þau yrðu færð í önnur skjöl (eða jafnvel bara bréf heim) þar sem þau eiga frekar heima. Með þessu var dregið úr því að farið yrði í allt of mikil smáatriði, skýrleiki (vonandi) aukinn og tryggt að reglurnar séu læsilegar, fyrirsjáanlegar og viðeigandi fyrir alla nemendur óháð aldri og aðstæðum.

Hér er sumt sem var tekið út eða gert athugasemd við:

- Það vantar allt samhengi um ábyrgð foreldra, fyrir utan að þetta á ekki beint heima í skólareglum, eins og hvað með þegar um slys er að ræða, hvað með aldur, þroska, ásetning..... ? Þetta gæti aftur á móti tengst verklagsreglum um tjón sem gæti átt heima í öryggisáætlun skólans sem má alveg skoða.
- Að ganga um hljóðlega í skólanum er ekki skólaregla, því að það hlýtur að fara eftir aldri, þroska, aðstæðum og/eða kennsluháttum. En þetta má gjarna vera hluti af bekkjarnámskrám eða orðalagi í skólanámskrá um skólabrag, þó kannski í víðara samhengi og mætti tengjast hljóðvist líka sem dæmi.
- Þessi texti (eða einhvern álíka) á að vera í skólanámskrá, ekki skólareglum: Forföll nemenda skal tilkynna í gegnum Mentor áður en kennsla hefst hvern skóladag. Ef ekki er unnt að tilkynna forföll í gegnum Mentor er heimilt að tilkynna forföll símleiðis til skóla eða með tölvupósti til skólastjórnenda. Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn tilkynni forföll vegna veikinda daglega. Umsjónarkennarar geta veitt nemanda leyfi í allt að tvo daga en leyfi vegna lengri fjarvista nemenda þarf að óska eftir sérstaklega og tilkynna með tölvupósti til skólastjóra Reykhólaskóla.
- Það þarf að setja inn verkferla vegna skólasóknar í skólanámskrá - þannig að hér eru drög að slíku:

 Verkferli vegna ástundunar og skólasóknar í Reykhólaskóla

- Allt annað sem var tilgreint í kafla 4 um heilbrigðar venjur á heima í stefnu um heilsueflandi skóla. Það er óþarfi að tilgreina það svona náíð hérna og á ekki heima í skólareglum. Það er erfitt að fylgja eftir t.d. ef ákveðið er að leyfa eitthvað af þessu við sérstök tilefni (snakk, gos... - fyrir utan að snakk getur alveg verið hollt ef það er rétt gert).
- Kafli 5 á ekki heima í skólareglum. Fatnaður snýr ekki að hegðun, er oft meira á ábyrgð foreldra en nemenda og ef ekki eru ráð á heimili á því sem er kallaður viðeigandi fatnaður, gæti það verið brot á jafnræðisreglu eða túlkað sem mismunun sem skólinn má aldrei ýta undir. Fatnaður á í raun ekki heima í skjölum skólans, en það er auðvitað skylda foreldra að huga að vellíðan og öryggi barna sinna. Klæðnaður barna er því samspil heimilis og skóla. Foreldrar bera ábyrgð á að klæða börn sín í samræmi við veður og

aðstæður, en hlutverk skólans er að upplýsa um skipulag skóladagsins, svo sem þegar útinám eða lengri útivera er fyrirhuguð utan hefðbundinnar stundatöflu. Með slíkri upplýsingagjöf skapast forsendur fyrir gott samstarf og undirbúning og óþarfi að skrifa þetta á annan hátt í gögn skólans.

- Það sem er yfirstrikað á ekki heima í skólareglum.

Það er ekki tekin afstaða til alls þess sem var í lokakafla fyrri draga, en það er mat mitt að meðfylgjandi verklagsregla og þau viðbrögð sem eru nefnd hérna, séu betri fyrir lítinn skóla eins og Reykhólaskóla þar sem samfélagið er náð og ekki þörf á sömu hörku og er talin nauðsynleg í stærri skólum. Því er þó haldið inni að þegar starfsfólk skólans metur að fjarvera hafi neikvæð áhrif á barn, þá sé það skylda þess að bregðast við og varnaglar settir inn sem gefa skólanum ákveðið vald þegar og ef samskiptavandi tengist skólasókn.

5. Fatnaður nemenda

Nemendur skulu vera klæddir eftir veðri. Nemendur fara í útifríminútur á hverjum skóladegi og hluti náms nemenda á öllum námsstigum fer fram í útikennslu með kennurum. Foreldrar og forráðamenn skulu því sjá til þess að börn þeirra hafi með sér hlý og skjólgóð föt þegar veður gefur tilefni til vegna kulda, regns, vinds og snjókomu, s.s. úlpu, kuldaskó, stígvél, peysu, ullarnærföt, ullarsokka, regnfatnað, húfu og vettlinga, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Mælt er til að fatnaður og skór nemenda séu merktir.

12. Bekkjarsáttmálar

Nemendur á hverju námsstigi í samráði við kennara gera á hverju hausti með sér bekkjarsáttmála sem felur í sér sérstakar reglur um umgengni, samskipti og ástundun náms á námsstiginu. Bekkjarsáttmálar eru unnir í sátt allra nemenda á námsstiginu sem samþykkja að fylgja þeim eftir með undirritun sinni.

Reglurnar - styttra

Samskipti

Samskipti í Reykhólaskóla byggjast á virðingu, tillitssemi og öryggi þannig að öllum líði vel í skólanum og á skólatíma.

Umgengni

Við göngum vel um skólann og skólalóðina og berum virðingu fyrir eigum annarra og sameiginlegu rými.

Öryggi

Allir eiga rétt á öruggu skólaumhverfi og hegðun sem ógnar öryggi eða vellíðan er ekki liðin.

Skólasókn

Þátttaka í skólastarfi er mikilvæg og þegar áskoranir koma upp er þeim mætt í samvinnu heimila og skóla.

Hættuleg tæki

Óheimilt er að koma með vopn eða aðra hluti sem geta valdið skaða.

Myndatökur

Virðing fyrir friðhelgi nemenda er höfð að leiðarljósi og myndefni af nemendum er ekki tekið eða birt án samþykkis.

Rafræn tæki

Notkun síma og snjalltækja fer fram í samræmi við skólastarf og truflar ekki nám, samskipti eða vellíðan.

Skólalóð og ferðir

Skólareglur gilda í skólaakstri og í öllu skólastarfi utan skólahúss með öryggi að leiðarljósi.

Viðbrögð við brotum

Brot á skólareglum eru tekin alvarlega og brugðist er við þeim af sanngirni og í samræmi við aðstæður.